



ÞEKKINGARVEITA Í ALLRA ÞÁGU

**Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns
2013 – 2017**

Landsbókavörður
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Stjórn

Vésteinn Ólason, formaður
Rögnvaldur Ólafsson
Erna Björg Smáradóttir
Arnfríður Guðmundsdóttir
Kristín Svavarsdóttir

Framkvæmdaráð – stýrihópur
Áslaug Agnarsdóttir
Edda Guðrún Björgvinsdóttir
Halldóra Þorsteinsdóttir
Ragna Steinarsdóttir
Örn Hrafnkelsson
Vigdís Edda Jónsdóttir

Ráðgjafi

Sigurjón Þórðarson hjá Gekon

ÞEKKINGARVEITA Í ALLRA ÞÁGU

Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns
2013 – 2017

Útgefandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Arngrímögötu 3

107 Reykjavík

Sími: 525 5600

Netfang: upplys@landsbokasafn.is

Veffang: www.landsbokasafn.is

Hönnun og umbrot: Ólafur J. Engilbertsson

Myndir: Helgi Bragason

Prentun: Leturprent

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2013

ISBN 978-9935-434-02-9



Í upphafi árs 2013 hófst að nýju stefnumótunarvinna í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Tilgangurinn var að búa til vegvísi sem nýtist starfsfólki safnsins við að þróa starfsemina á næstu árum. Framkvæmdaráð safnsins, ásamt starfsmannastjóra, hefur verið stýrihópur í þessari vinnu og borið hitann og þungann af mótun stefnunnar.

Sigurjón Þórðarson hjá ráðgjafafyrirtækinu Gekon leiddi verkefnið í upphafi, tók þátt í skipulagningu og stýrði fundum.

Við mótun stefnunnar var haft víðtækt samráð og haldnir fundir með starfsfólki, helstu samstarfs- og hagsmunaaðilum og sérstakur fundur var haldinn með hópi stúdenta frá Háskóla Íslands. Stjórn safnsins tók einnig virkan þátt í vinnunni, sótti fundi og fór yfir stefnuskiöl á mismunandi stigum en hún skal vera landsbókaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins. Þá voru ýmis gögn lögð til grundvallar s.s. lög safnsins frá 2011, bókasafnalög sem voru samþykkt í árslok 2012, þingsályktun Alþingis um menningarstefnu frá 2013, stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið frá 2013, gögn frá Landskerfi bókasafna og Landsaðgangi auk þess sem tekið var mið af þróun í málaflokknum víða um heim.

Nýja stefnan byggir á eldri stefnu fyrir árin 2009-2013. Þar var áherslan lögð á þjónustu, rafrænar lausnir, söfnun og skipulag stafræns efnis, auk samvinnu. Áfram verður unnið á þeirri braut en einnig lögð áhersla á rannsóknir, nýsköpun og breytingar á því rými sem safnið starfar í.

Að þessu sinni er sett fram 61 stefnumál til næstu ára og skiptast þau í átta málaflokka. Til að vinna að þeim eru skilgreind 213 verkefni, stór og smá. Mörg verkefnanna eru þverfagleg og krefjast samstarfs milli ólíkra starfseininga innan safnsins, en önnur eru eðlilegt framhald fyrri verkefna. Framundan er að tengja þau við árlegar verkefnaáætlanir og hrinda þeim í framkvæmd.

Reykjavík, nóvember 2013

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

landsbókavörður

UM LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslendinga, bókasafn Háskóla Íslands og forystusafn íslenskra bókasafna.
- Safnið er varðveislusafn samkvæmt lögum um skylduskil til safna og tekur til varðveislu gögn sem gefin eru út á Íslandi og erlend gögn er varða íslensk málefni.
- Í safninu eru varðveitt útgefin íslensk hugverk, erlend fræðirit, námsgögn, kort, handrit og einkaskjöl auk hljóðrita, kvikmynda og annars myndefnis.
- Safnið miðlar margskonar upplýsingum á eigin vefjum, á samfélagsmiðlum og í samstarfsverkefnum s.s. gegnir.is, leitir.is og hvar.is.
- Safnið veitir bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu menntunar, vísinda, atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar.
- Safnið veitir leiðsögn og aðgengi að upplýsingum og gögnum.
- Í húsi safnsins, Þjóðarbókhöðunni, er fjölbreytt vinnuaðstaða fyrir gesti.
- Safnið vinnur að fræðslu- og menningarstarfsemi með miðlun á vef, sýningarhaldi, námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum.
- Safnið tekur þátt í margvíslegum þróunarverkefnum, innanlands og utan, sem tengjast starfsemi safnsins m.a. stafrænni endurgerð hins skráða menningararfs.

FRAMTÍÐARSÝN

- Safnið gegni forystuhlutverki hvað varðar þróun og nýsköpun á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar.
- Safnið sé í fararbroddi um miðlun og opið aðgengi að stafrænu efni fyrir alla landsmenn.
- Safnið vinni áfram að því að stafrænt íslenskt menningarefni verði aðgengilegt í gegnum eina leitargátt.
- Safnið sé virkur þátttakandi í starfi og þróun Háskóla Íslands.
- Safnið eigi frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið aðra háskóla og bókasöfn.
- Safnið styrki enn frekar stöðu sína sem miðstöð þekkingarmiðlunar með því að nýta nýjungar í upplýsingatækni í verkefnum sínum.

HLUTVERK

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða.

Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

GILDI


Frumkvæði

Þróun og nýsköpun

Metnaður og fagmennska

Samvinna

STEFNA OG STARFSEMI SAFNSINS Í HNOTSKURN



UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatækni er notuð við flest verkefni í daglegu starfi. Safnið tekur þátt í samstarfsverkefnum og þróun tæknilausna vegna fjölbreyttra viðfangsefna bæði innanlands sem utan. Rekstur tækjabúnaðar og upplýsingakerfa verður að vera öruggur og hagkvæmur, en aukin geymsluþörf er fyrirsjáanleg.

- Markvissari og hagkvæmari umsýsla með vefjum safnsins
- Samvinna um val og innleiðingu á nýju bókasafnskerfi
- Samstarf um þróun vefgáttanna gegnir.is og leitir.is
- Samstarf um þróun vefgáttarinnar skemman.is
- Efling rafrænna innviða
- Opnað fyrir aðgengi innanhúss að stafrænu efni í höfundarétti
- Birting bókaskrár 1534-1844 og tenging við bækur.is
- Örari söfnun á völdum íslenskum vefjum og bætt þjónusta á vefsafn.is

RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN

Sem forystusafn sinnir safnið rannsóknum er varða starfsemina og safnkostinn. Sköpuð verður umgjörð um rannsóknir og aðstaða fyrir rannsóknir sem nýtast safninu verður efl. Áfram verður haldið með nýsköpun á sviði stafrænnar endurgerðar og miðlunar og leitað eftir samstarfi við aðra.

- Fylgst með þróun höfundaréttar- og persónuverndarmála varðandi stafrænt efni
- Samstarf við önnur bókasöfn um forystuhlutverk safnsins
- Aukin kynning á þjónustu safnsins meðal útgefenda
- Mótun stefnu um rannsóknir og opinn aðgang
- Opnaður aðgangur að lýsigögnum safnsins þannig að aðrir geti nýtt þau
- Endurskoðun og mat á erlendu samstarfi
- Tölfræði fyrir bókasöfn komið í viðunandi horf
- Stafræn endurgerð greina og tölublaða ritrýndra íslenskra tímarita

SAFNKOSTUR OG SKRÁNING

Sífelld aukin útgáfa á stafrænu formi kallar á endurskoðun aðfanga og grisjunar efnis. Þróa þarf nýjar aðferðir við móttöku stafræns efnis og innleiða nýtt skráningarumhverfi. Efla þarf lýsigagnastjórnun og bæta framsetningu gagna til að auðvelda notendum aðgang að efni safnsins.

- Mótun stefnuskjala um aðföng og grisjun
- Efling skylduskila stafræns efnis og þróun vefgáttarinnar rafhladan.is
- Efling lýsigagna- og bókfræðistjórnunar
- Þjónusta við bókasöfn varðandi bókfræðistjórn verði gerð sýnilegri
- Innleiðing nýs skráningarumhverfis
- Efling ritakaupa í samvinnu við Háskóla Íslands
- Söfnun stafrænna handritagagna og innleiðing skráningarkerfis fyrir skjöl
- Aukið samstarf um flokkun og Dewey flokkunarkerfið

VARÐVEISLA

Langtímavarðveisla stafræns efnis og samstarf við aðra á því sviði er í brennidepli. Fylgjast þarf með þróun lausna og búnaðar sem þarf til varðveislu og umönnunar stafræns efnis. Endurskoðað þarf stefnu um stafræna endurgerð og hefja yfirfærslu á nýju efni s.s. hljóðefni.

- Endurskoðun stefnuskjala um stafræna endurgerð og varðveislu
- Innleiðing nýrra verkþátta við langtímavarðveislu
- Aukið samstarf um varðveislu stafræns efnis
- Áhersla á varðveislu íslenskra rannsókna og fræðilegrar útgáfu
- Áhersla á varðveislu og umönnun viðkvæms efnis
- Þátttaka í Evrópuverkefnum TEL og Europeana
- Varðveisla efnis á samfélagsmiðlum

AÐGENGI OG MIÐLUN

Safnið nýtir sér upplýsingaleiðir sem henta notendum best. Hlutur stafræns efnis verður aukinn þannig að notendur geti nálgast það á sem auðveldastan hátt. Vefir safnsins og skrár veita aðgang að efninu. Aukin áhersla er á notkun samfélagsmiðla og kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi.

- Aukin og samræmd notkun samfélagsmiðla í þágu safnsins
- Bætt aðgangi að stafrænu efni safnsins í leitir.is
- Rekstur Landsaðgangs – hvar.is verði efldur
- Vefurinn einkaskjöl.is opnaður og tengdur við leitir.is
- Vefur um veggspjöld, smælki og póstkort opnaður og tengdur við leitir.is
- Nýjungar varðandi staðalnúmer teknar upp
- Samstarf við Ríkisútvarpið og Kvikmyndasafnið um miðlun efnis í safninu
- Undirbúningur fyrir 200 ára afmæli safnsins 2018

ÞJÓNUSTA

Stefnt er að því að gera þjónustu safnsins sýnilegri og laga hana að þörfum notenda. Áhersla er á þjónustu og samstarf við háskólasamfélagið um þær breytingar sem eru að verða á aðgengi að rannsóknagögnum og birtingu niðurstaðna. Skilgreina þarf mismunandi þjónustu og þjónustustig.

- Bætt aðgengi að þjónustu safnsins á vef og í öðrum upplýsingakerfum
- Gerð handbóka fyrir útlán og millisafnalán
- Aukin markaðssetning upplýsingaþjónustu
- Húsreglur fyrir gesti gerðar sýnilegri
- Efling tengsla við Háskóla Íslands
- Aukin áhersla á rafræna þjónustu við háskólasamfélagið
- Skil nemendaritgerða endurskoðuð í samvinnu við Háskóla Íslands
- Þátttaka í þróun og rekstri gagnagrunns fyrir rannsóknarvirkni (CRIS)

VINNUMENNING OG VINNUMHVERFI

Nýjar leiðir við miðlun og aðgengi að upplýsingum krefjast þess að starfsfólk afli sér þekkingar um tækni og þróun og nýti sér þau tækifæri sem standa til boða í sí- og endurmenntun. Gott og hvetjandi starfsumhverfi skapar vellíðan sem skilar sér í öflugri starfsemi safnsins.

- Mótun stefnuskjala fyrir mannauðsstjórnun
- Bætt vinnuvistfræði með áherslu á heilsu og vellíðan starfsfólks
- Virkari skjalastjórn
- Efling rafræns vinnuumhverfis og aðstöðu
- Aukin þverfagleg vinna og samskipti
- Efling starfsmannafélagsins Hlöðvers

RÝMI

Breytingar á starfsemi bókasafna og miðlun upplýsinga kalla á endurskipulagningu á því rými sem safnið hefur til umráða. Skapa þarf lífandi og þægilegt umhverfi sem mætir mismunandi þörfum gesta. Húsnæðið þarf jafnframt að nýtast sem best þeirri starfsemi sem fram fer í safninu.

- Endurskoðun opinna svæða til að ná fram betri nýtingu
- Flutningur og tilfærsla á starfsemi innanhúss
- Breytt fyrirkomulag í geymslum
- Sameining upplýsingaborðs og útlánaborðs
- Auknar merkingar og leiðbeiningar
- Umbætur á húsnæði varaeyntakasafns í Reykholti
- Bætt aðstaða fyrir gesti
- Aukið öryggi í daglegri starfsemi



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

2013